

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1997

6. júní 1997

693

Nr. 339

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997,
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997.

1. gr.

Eftir 3. málslíð 4. gr., sbr. reglugerð nr. 323, 28. maí 1997, komi nýr málslíður er orðist svo: Landi skip ekki fullfermi í fyrstu löndun eftir 31. maí 1997 er því þó heimilt að fara í aðra veiðiferð, enda fari samanlagður afli þeirra úr þessum tveim veiðiferðum ekki yfir það magn sem það hefur mest landað úr einni veiðiferð á síldarvertíðinni til þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. júní 1997.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

6. júní 1997

Nr. 340

REGLUGERÐ

um öryggisþjónustu.

1. gr.

Til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni þarf leyfi ráðherra. Samkvæmt reglugerð þessari getur öryggisþjónusta falist í eftirfarandi:

- eftirliti með lokuðum svæðum og svæðum opnum almenningi, hvort heldur er með eftirlitsferðum vaktmanna eða myndavélum,
- flutningi verðmæta,
- taka við og sinna boðum frá einstaklingum um aðstoð,
- taka við og sinna boðum frá viðvörðunarkerfum vegna eldsvoða, vatnsleka, innbrots, hitastigs, rafmagnsleysis eða dæluvirkni,
- vernd einstaklinga með lífvörðum.